



FRÉTTABRÉF UMSE

2. tbl. 23. árgangur 2008



Pistill Formanns UMSE

Góðir Eyfirðingar,

Þar sem þetta er fyrsti pistill minn sem formaður UMSE, þá vil ég byrja á því að segja svolítið frá sjálfum mér.

Ég heiti Sigurður Hólmar Kristjánsson og er Húnavetningur í húð og hár en fluttist hingað í Eyjafjörð fyrir 5 árum síðan. Ég er vélsmiður að mennt en starfa sem sölumaður hjá Loftorku Borgarnesi ehf með starfsstöð á Akureyri.

Ég vil byrja á að þakka fyrrverandi formanni og þeim stjórnarmönnum sem ekki gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu eftir síðasta ársþing, fyrir það frábæra starf sem þau hafa unnið.

Starfsemi sambandsins hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði hvað mótahald og aðra starfsemi varðar. Eins og flestir vita, þá mun landsmót UMFÍ verða haldið á Akureyri dagana 9. til 12. júlí á næsta ári og verðum við ásamt Ungmennafélagi Akureyrar framkvæmdaaðilar þess. Vegna þeirrar gríðarlegu vinnu sem mótahald af þessari stærðargráðu krefst, geri ég ráð fyrir því að þegar líður að hausti muni starf sambandsins koma til með að snúast að miklu leyti um landsmótið. Það er einbeittur vilji beggja félaganna sem að mótinu standa að mótið skuli vera hið glæsilegasta. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á sem flesta að taka þessa daga frá og mæta á mótið til að leggja sitt af mörkum og njóta þess sem þar verður í boði.

Íslandi allt.

Sigurður H. Kristjánsson

Unglingalandsmót UMFÍ á Þorlákshöfn

Um verslunarmannahelgina verður 11. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Þorlákshöfn. Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11-18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Unglingalandsmótin eru með stærri íþróttaviðburðum á Íslandi ár hvert. Á mótinu verður keppt í frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótorkrossi, golfi, glímu, hestaíþróttum og skák. Mótið er á þann hátt upp sett að allir geta tekið þátt.

Fjölbreytt afþreying er í boði fyrir alla meðlimi fjölskyldunnar og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Íþróttakeppnin hefst á föstudagsmorgni og lýkur á sunnudegi. Setningarathöfn mótsins er á föstudagskvöldinu. Boðið verður upp á dagskrá öll kvöldin þar sem hljómsveitir og skemmtikraftar halda uppi fjörinu.

Skráningargjald fyrir keppendur er 5.500 kr. og veitir rétt til keppni að vild. Ekkert annað gjald er innheimt því aðgangur að svæðinu og tjaldsvæðunum er ókeypis nema fyrir þá sem óska eftir rafmagni. Tjaldsvæðin eru í göngufæri við keppnissvæðin. Ekkert gjald er tekið fyrir gistingu á tjaldsvæðum og gildir það fyrir alla.

Með þessu viljum við hvetja alla til þess að fjölmenna með okkur á Unglingalandsmótið um verslunarmannahelgina og taka þátt í fjörinu.

<http://www.umfi.is/umfi/unglingalandsmot/>

UMSE stefnir að því að hafa sína keppendur sína merkta sambandinu. Undanfarin ár hafa verið gefnar peysur sem bera merki UMSE og merkt nafni keppandans á bakinu. Að þessu sinni höfum við ákveðið að gefa öllum keppendu buff merkt UMSE, einnig fá þeir keppendur sem ekki eiga nú þegar merktar peysur eða eru vaxnir uppúr þeim, gefins peysur. Aðra viljum við hvetja til þess að nota gömlu peysurnar sínar.

Þess er óskað að þeir sem vilja keppa undir okkar merkjum skrái sig á mótið í gegnum skrifstofu UMSE.

Árspaning UMSE

Árspaning UMSE fór fram laugardaginn, 8. mars, í Valsárskóla á Svalbarðsströnd. Þingið var ágætlega sótt og fór vel fram. Á þinginu voru kjörnir tveir nýir menn í stjórn. Árni Arnsteinsson lét af formennsku eftir 6 ára setu og einnig lét ritarinn Helga Guðmundsdóttir af störfum. Þeim eru þakkað gott starf í þágu íþrótt- og félagsmála á vegum UMSE. Í þeirra stað voru kjörin formaður Sigurður Hólmar Kristjánsson, Hestamannafélaginu Funa og ritari Kristlaug María Valdimarsdóttir, Umf. Smáranum. Þá var Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Umf. Þorsteini Svörfuði, endurkjörinn meðstjórnandi. Í varastjórn lét Hringur Hreinsson af störfum eftir áralanga setu. Eyrún Elva Marinósdóttir Umf. Reyni var endurkjörin í varastjórn og Óskar Óskarsson, Skíðafélagi Dalvíkur og Þorgerður Guðmundsdóttir, Umf. Samherjum voru einnig kjörin í varastjórn.

Meðal þess sem samþykkt var á þinginu voru lagabreytingar og einnig var samþykkt að kaupa tryggingar fyrir félagsmenn aðildarfélaga og munu UMSE og aðildarfélögin skipta með sér kostnaði varðandi það. Um er að ræða örorku og dánartryggingu fyrir félaga og ábyrgðartryggingu fyrir félögin.

KEA bauð þingfulltrúum og gestum þingsins upp á hádegisverð. Gestir þingsins voru Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Friðrik Einarsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Viðar Sigurjónsson, sviðsstjóri fræðsluvíðs ÍSÍ og Bergþóra Aradóttir fulltrúi frá Svalbarðsstrandarhreppi.

Í lok þingsins var boðið til kaffisamsætis þar sem veitt voru verðlaun til félaga og íþróttamanna fyrir árangur sinn á árinu 2007. Umf. Samherjar hlaut félagsmálabikarinn og Ari Jósavinnsson, frjálsíþróttabjálfi, hlaut viðurkenninguna Vinnuþjarkurinn. Íþróttamaður UMSE ársins 2007 var kjörinn Björgvin Björgvinsson skíðamaður úr Skíðafélagi Dalvíkur.

Frjálsar íþróttir

Vormót UMSE

Vormót UMSE fór fram á Dalvíkurvelli dagana 18. og 19. júní síðastliðin. Mótið var vel heppnað í alla staði og þátttaka ágæt. Keppendur á mótinu voru 155 og samtals skráningar í greinar 580. Við viljum þakka Umf. Svarfdæla fyrir góðar móttökur og einnig þakka þeim sem lögðu okkur lið með starfskröftum sínum á mótinu.

Tveir bætast í úrvalshóp FRÍ

Egill Ívarsson og Jónas Rögnvaldsson, Umf. Samherjum, náðu þeim árangri að nýverið að ná lágmarkum fyrir úrvalshóp FRÍ í 400m. Þeir hlupu á æfingabúðamóti UMSE og unnu afrekin þar. Egill hljóp á tímanum 55,00 sekúndum, sem er sekúndu undir úrvalslágmarki 15-16 ára stráka og einungis 1 sekúndu frá afrekslágmarki FRÍ. Jónas hljóp á 55,16 sekúndum sem er bæting hjá honum um tæpar 2 sekúndur. Þetta er frábær árangur hjá drengjunum og óskum við þeim til hamingju með árangurinn.

Gautaborgarleikar

Átta keppendur í frjálsum íþróttum, ásamt þjálfara og fararstjórum, héldu til Gautaborgar til þátttöku á Gautaborgarleikunum nú í lok júní. Þetta voru þau Ingvar Heiðmann Birgisson, Sveinborg Katla Daníelsdóttir, Jónas Godsk Rögnvaldsson, Máni Bulakorn Yasopha, Árni Bragi Eyjólfsson, Steinunn Erla Davíðsdóttir, Harpa Lind Konráðsdóttir og Egill Ívarsson. Þjálfari í ferðinni var Ari Heiðmann Jósavinsson. Mótið er afar viðamikíð og aðstæður eins og best verður á kosið. Góður árangur náðist á mótinu og helst má þá nefna að Egill Ívarsson náði lágmarki fyrir afrekshóp FRÍ í 300m grindahlaupi á tímanum 42,08 sekúndum og náði öðrum besta tíma frá upphafi í 1500 m hindrunnarhlaupi og var einungis 4 sekúndum frá Íslandsmeti. Harpa Lind Konráðsdóttir varð í 15. sæti í spjótkesti með sínu besta kasti í ár, en kastið var upp á 33,89 m. Einnig varð hún í 16. sæti í kúluvarpi. Ingvar varð í 11. sæti í kúluvarpi, Máni varð í 14. sæti í kúluvarpi og Steinunn varð í 14. sæti í 300m. Hjá öðrum keppendum var nokkuð um bætingar og stóðu allir sig vel. (tekið af <http://jonasari.blogcentral.is/>)

Frjálsíþróttæfingar UMSE

Nú eru í gangi æfingar á vegum UMSE sem ætlaðar eru fyrir aðal keppnisfólk okkar. Þessar æfingar eru ætlaðar fyrir meistaraflokk (17 ára og eldri) og úrvalshóp UMSE. Úrvalshópur UMSE er verkefni sem fór í gang nýlega og er það ætlað unglíngum 13-16 ára. Þetta er sett upp sem millistig þess að komast í úrvalshóp FRÍ. Unglingarnir æfa með 17 ára og eldri hóp UMSE (Meistaraflokk). Æfingarnar eru í umsjón Ara Jósavinssonar og Eddu Línberg. Nánari upplýsingar er að finna á blogginu <http://jonasari.blogcentral.is>

Skrifstofa UMSE á Dalvík

Framvegis verður UMSE með opna skrifstofu að hluta til í Ráðhúsinu á Dalvík. Aðalskrifstofan verður eftir sem áður á Akureyri. Um er að ræða tvo daga í mánuði, 2. og 4. þriðjudag í hverjum mánuði. Félagsmenn UMSE eru hvattir til þess að nýta sér þetta. Nánari upplýsingar um þetta gefur Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri UMSE, í s: 868-3820.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ 7.-11. júlí

Ungmennafélag Íslands starfrækir frjálsíþróttaskóla vikuna 7.-11. júlí fyrir ungmenni á aldrinum 11 til 18 ára. Skólinn er í samvinnu við Frjálsíþróttasamband Íslands. Þarna er á ferðinni spennandi tækifæri fyrir ungmenni sem vilja reyna í fyrsta sinn eða efla sig í frjálsum íþróttum. Veldu þann stað sem hentar þér og taktu þátt í góðum félagsskap. Auk íþróttæfinga verða kvöldvökur, varðeldur, gönguferðir og óvæntar uppákomur.

Frjálsíþróttaskólinn verður á eftirtöldum stöðum, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og í Vík. Þátttakendur dvelja í íþróttabúðum á viðkomandi stað frá mánudegi til föstudags. Þátttökugjald er kr. 15.000 og er innifalið í því kennsla, fæði og húsnæði. Skólinn er tilvalinn undirbúningur fyrir unglíngalandsmótið í Þorlákshöfn. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 568-2929.

Fréttir af Landsmótsundirbúningi

Eins og flestum Eyfirðingum ætti nú að vera kunnugt um fer Landsmót UMFÍ fram á Akureyri sumarið 2009, nánar tiltekið dagana 9.-12. júlí. Unnið er við vallarframkvæmdir við nýjan Akureyrarvöll á Þorssvæðinu á Akureyri. Landsmótsnefndin vinnur nú hörðum höndum, ásamt greinastjórum við undirbúning mótsins. Hægt er að fylgjast með gangi mála á heimasíðu Landsmótsins: www.umfi.is/umfi/landsmot/ eða heimasíðu UMFÍ: www.umfi.is. Nú þegar er hafin þjálfun starfsfólks fyrir mótið og var dómara námskeið í frjálsum íþróttum haldið á Hrafnagili í lok maí. Þá verða önnur námskeið auglýst síðar.

Óskar Þór Halldórsson bættist í landsmótsnefndina nýverið og tekur hann sæti Júlíusar Júlíusarsonar sem lét af nefndarstörfum í vetur.

Útgefandi: Ungmennasamband Eyjafjarðar,
Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@bugardur.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson

